

# EYSTRAHORN

25.tbl. 41. árgangur

10.ágúst 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

## BRÓÐIR

TÓMAS NÓI HAUSSON

STEINÞÓR HAUSSON

ANDRI ÞÓR AGNARSSON

FRUMSÝND Á HAFINU  
11. ÁGÚST KL 20:30

MENNINGARMÍÐSTÖÐ  
HORNAFJARÐAR

STUTTMYND EFTIR  
TÓMAS NÓA HAUSSON

TÓNLIST EFTIR  
AXEL ELÍ FRÍÐRIKSSON



# STUTTA LEIÐIN AÐ HAMINGJU ER AÐ FLYTJA TIL HAFNAR



Innan um fagurt landslagið í Höfn í Hornafirði, stendur Hótel Höfn þar sem margir ævintýragjarnir Nordjobbarar hafa unnið síðan 2008. Ég hef fengið tækifæri til að spjalla við Lauru frá Helsinkí, sem hefur unnið á Höfn í næstum því heilt ár í gegnum Nordjobb verkefnið.

Starfið á hótelinu hefur verið frábær lífsreynsla fyrir Lauru, hún hefur náð vel saman við samstarfsfólk sitt og aðra bæjarbúa. Nordjobb verkefnið hefur rutt brautina til Hafnar fyrir hana. Verkefnið

gerði lífsbreytinguna þægilegri en hún hefði getað ímyndað sér. Laura byrjaði að vinna hjá hótelinu í ræstingum en skipti nýlega yfir til veitingastaðarins Birkis þar sem hún er þjónn.

Lífið í Höfn hefur umlukið Lauru með hlýju og vináttu. Í þessum litla íslenska bæ hefur Laura fundið mikla hamingju og góða vini í samfélagi sem hefur boðið hana velkomna frá fyrsta degi. Það kom henni á óvart hve fáir Norðurlandabúar voru á Höfn þegar hún byrjaði í september 2022 en þá höfðu Nordjobbararnir sem voru í sumarvinnu á Höfn farið heim aftur. Það var þó var enginn skortur á góðu samstarfsfólki og það var alþjóðlegur hópur sem hún hefur kynnst innan og utan vinnustaðarins.

Hvert sem hún fór var vingjarnlegt andlit tilbúið til að taka á móti henni og hún segir að það sé auðvelt að kynnst fólki betur en gengur og gerist á stöðum þar sem „há“ og „hvað segirðu?“ er ekkert meira en formlegheit og kurteisi. Á Höfn hefur Laura fengið að kynnst samfélagi þar sem fólk þykir vænt hvert um annað og hefur sannan áhuga á að vita „hvernig gengur?“

Þó svo að Nordjobb hafi virkað sem bakgrunnspjónusta mestan dvalartímann hefur verkefnið boðið upp á ómetanlegan stuðning þegar kom að upphafi ferðalagsins. Í júní fór svo af

stað Menningar- og frístundardagskrá Nordjobb, sem haldin er hvert einasta sumar. Meðal annars var boðið upp á íslenskunámskeið í fjarnámi sem hjálpaði henni að lifa sig inn í íslenska menningu. Í júlí tók Laura þátt í ferðum sem Nordjobb skipulagði þar sem tækifæri gafst til að kynnst öðrum Nordjobburum á Íslandi og uppgötva landið.

Laura hefur ferðast upp á eigin spýtur norður til Akureyrar og suður til Reykjavíkur. Hún hefur gengið að eldfjallinu við Litla-Hrút og klifrað upp á Vatnajökul með Glacier Adventure. Spurð að því hvers vegna hún hafi ákveðið framlengja dvölinu, svaraði hún að henni þyki vænt um samfélagið á Höfn. Bærinn er einmitt nógu stór til að bjóða upp á þá þjónustu og afþreyingu sem hún þarf og náttúruyrðin hefur fangað hjarta hennar. Meðal hennar bestu minninga er einn vetrardagurinn í kringum síðustu jól þegar hún fór með vinum sínum að skauta á botnfrosnu jökulslóni. Hún lýsir þessari reynslu af svo mikilli undrun, að ég verð að prófa það sjálfur.

Í haust ætlar Laura að leggja af stað í heimsreislu til að kanna það sem ekki finnst á Íslandi auk þess að heimsækja fjölskylduna sína í Finnlandi og njóta skóganna sem hún saknar. Heimili hennar mun áfram vera á Höfn þar sem hún ætlar að búa eftir ferðalögin.

*Atli Geir Halldórsson*

## SKIPULAG LANDBÚNAÐARSVÆÐA HVER ERU ÁFORM OG MARKMIÐ LANDEIGENDA?



Í tengslum við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins

Hornafjarðar var um miðjan júní sl. birt vefkönnun sem beint var til landeigenda og ábúenda. Frestur til að svara könnuninni hefur nú verið framlengdur til 20. ágúst nk. og eru viðeigandi aðilar hvattir til að senda svör og kynna sér um leið skipulagsvinnuna á aðalskipulagsvef sveitarfélagsins, [hornafjordur.is/adalskipulag](http://hornafjordur.is/adalskipulag).

Í könnuninni er m.a. spurt um áformaðar eða líklegar breytingar á landnotkun eða framkvæmdir á viðkomandi jörð/landareign á næstu 12-15 árum, s.s.

tengdum skógrækt, frístundabyggð, ferðaþjónustu, iðnaðarstarfsemi, orkuöflun, efnistöku, vegagerð, endurheimt votlendis eða framræslu.

Mikilvægt er að fá fram þessar upplýsingar nú svo nýtt aðalskipulag taki sem best mið af þróun í dreifbýli og einnig til að koma í veg fyrir kostnað og fyrirhöfn sem getur fylgt því að breyta aðalskipulagi síðar. Við óskum því eftir að sem flestir landeigendur gefi sér tíma til að svara könnuninni sem finna má undir efstu frétt á slóðinni hornafjorduradalskipulag.is

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
Umhverfis- og skipulagsstjóri*

Laugardagskvöldið 12. ágúst 2023

verður árleg flugeldasýning  
Björgunarfélags Hornafjarðar  
haldin á Jökulsárlóni.

Sýningin byrjar kl. 22:30 og  
aðgangseyrir er 1500 kr á mann,  
frítt fyrir 12 ára og yngri.

Allur ágóði sýningarinnar fer í  
rekstur og tækjakaup fyrir  
Björgunarfélag Hornafjarðar.

# FLUGELDASÝNING 2023

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ  
SJÁ YKKUR 12. ÁGÚST

Miðar fara í sölu á eftirfarandi  
forsölustöðum. Við mælum með að  
fólk kaupi miða í forsölu til að stytta  
biðtíma við komu á lónið.

Hótel Skaftafell, Freysnesi  
Jökulsárlón ferðapjónusta,  
Jökulsárlóni  
Olís, Höfn  
N1, Höfn



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Til landeigenda

### Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins  
Hornafjarðar stendur yfir og hefur sveitarfélagið  
birt vefkönnun þar sem leitað er til landeigenda  
og ábúenda um stöðu og þróun landnotkunar á  
þeirra jörðum eða landareignum.

Vefkönnunina og nánari upplýsingar um hana og  
endurskoðun aðalskipulagsins má finna á vefnum  
[hornafjordur.is/adalskipulag](https://www.hornafjordur.is/adalskipulag).

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að svara  
könnuninni fyrir 20. ágúst nk.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](https://www.hornafjordur.is)

Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Endurskoðun aðalskipulags

Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins  
Hornafjarðar stendur yfir og hefur sveitarfélagið  
birt vefkönnun þar sem leitað er til landeigenda og  
ábúenda um stöðu landnotkunar og uppbyggingar-  
áform á þeirra jörðum eða landareignum.  
Mikilvægt er að hagsmunaaðilar bregðist við  
könnuninni núna á meðan aðalskipulagsvinnan  
stendur yfir til að koma í veg fyrir kostnað og fyrir-  
höfn sem getur fylgt því að breyta aðalskipulagi  
síðar. Vefkönnunina og nánari upplýsingar um  
hana og endurskoðun aðalskipulagsins má finna á  
<https://www.hornafjorduradalskipulag.is/>.

**Hagsmunaaðilar eru hvattir til að svara  
könnuninni fyrir 15. ágúst nk.**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](https://www.hornafjordur.is)



## Matráður á leikskólann Sjónarhól

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir yfirmatráð í eldhúsi

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Að elda næringarríkan, góðan og öruggan mat við hæfi barna og í samræmi við leiðbeiningar landæknis í samráði við leikskólástjóra. Annast frágang, þrifa eldhúsið, þvo þvott og ganga frá. Panta inn vörur og matseðlagerð.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- Reynsla sem yfirmaður.
- Stundvísi, frumkvæði, skipulagshæfni og drifkraftur í starfi.
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Lípurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.

### Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2023

Laun og starfskjör eru samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólástjóra á netfangið: [mariannaj@hornafjordur.is](mailto:mariannaj@hornafjordur.is).

Frekari upplýsingar gefur Maríanna í s. 4708491 og Þórgunnur í síma 4708002 á meðan leikskólinn er í sumarleyfi.

Áhugasamir af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Athygli er vakin á því að við ráðningu leikskólafarsmanns er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.



## Laus störf á leikskólanum Sjónarhóli

Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn leitar að öflugum liðsaka, leikskólakennurum, þroskaþjálfum, leikskólaliðum eða öðru uppeldisfræðimenntuðu og áhugasömu starfsfólki. Um er að ræða stöðu deildarstjóra, hlutastöðu í stöðþjónustu og almenn störf á deild.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppeldi og menntun barna.
- Faglegt starf og samvinna starfsfólks á leikskólanum.
- Foreldrasamstarf.

### Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari eða önnur menntun sem nýttist í starfi.
- Starfsreynsla á leikskólastigi æskileg.
- Áhugi á börnum og velferð þeirra.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki, jákvæðni og metnaður.
- Stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslenskukunnátta.

### Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2023

Laun og starfskjör eru samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólástjóra á netfangið: [mariannaj@hornafjordur.is](mailto:mariannaj@hornafjordur.is).

Frekari upplýsingar gefur Maríanna í s. 4708491 og Þórgunnur í síma 4708002 á meðan leikskólinn er í sumarleyfi.

Áhugasamir af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Athygli er vakin á því að við ráðningu leikskólafarsmanns er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.



## TIL SÖLU HÆÐARGARÐUR 6.



Gott hús og mikið endurbætt, bæði inni og úti. Hitaveita, smá garðhús, góður útiskúr og geymsla.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við  
**Bryndísi, sími: 6932003 / 4781737**  
**Flosa, sími: 6636949**

## Við höfum lokað skrifstofunni!

Þrátt fyrir að mögulega sé aðeins um tímabundna lokun að ræða viljum við þakka öllum kærlega fyrir viðskiptin og allar ánægjulegu stundirnar undanfarin ár. Við höfum kynnst mörgum frábærum einstaklingum og fjölskyldum í gegnum starfið og erum mjög þakklátar fyrir þau tækifæri sem þið hafið gefið okkur með því að vera í viðskiptum við okkur.

Góðar kveðjur og bestu þakki

*Jóna Benný Kristjánsdóttir og Fanney Björg Sveinsdóttir  
Medial ehf. lögmannsstofa og fasteignasala.*



**Lifandi vatn**  
Lifandi vatni er lífandi vatni

**Dagskrá vikunnar**

**Almennar samkomur**  
sunnudaga klukkan 13:00

**Bænastundir**  
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÖKKUM TIL AÐ SJA ÞIG.

Jesús segir:  
Ei nekkorn þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Ei heita Jesús sem trúir á mig  
munu renna  
lakir litandi vatni

www.lifandivatn.is

# BÖRNIN ERU MIKILVÆGUST

Almennt er fólk sammála um að það mikilvægasta í lífinu sé fjölskyldan, börnin og ástvinir. Ekki tekst þó alltaf að manna þau störf sem snúa að því að vinna með börnum eða ástvinum okkar sem þarfnast umönnunar. Eins og glöggir notendur heimasíðu sveitarfélagsins hafa tekið eftir þá er stöðugt verið að auglýsa eftir starfsfólki í leikskólann Sjónarhól. Leikskólinn Sjónarhóll er nýr mjög vel búinn 7 deilda leikskóli sem stendur til að byggja við því sem betur fer er börnum heldur að fjölga í sveitarfélaginu. En þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar hefur ekki tekist að ráða inn nægilegan fjölda af starfsmönnum og nú lítur út fyrir að ekki verði hægt að opna allar deildir skólans í haust. Það þýðir í flestum tilfellum að foreldrar þurfa að skiptast á að vera heima og hugsa um börnin og það hefur ekki bara áhrif á fjárhag fjölskyldunnar heldur líka á fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu.

**Starf á leikskóla gefandi og skemmtilegt**  
Hver vill ekki vinna á líflegum vinnustað þar sem alltaf er nóg um að vera og enginn dagur eins? Þar sem þú færð fæðmög, bros og ósvikna gleði allan daginn en þarft líka að takast á við áskoranir sem eru bæði þroskandi og skemmtilegar? Þar sem þú ert mikilvæg fyrirmynd og getur skipt sköpum í lífi annarrar manneskju? Fólk sem starfar á leikskóla uppgötva nefnilega fljótt að hver dagur þar er einstakur líkt og hvert og eitt barn. Og ekki má gleyma starfsfólkinu sem vinnur á leikskólanum. Það er skemmtilegt fólk sem nýtur samskipta við börn og fullorðna og tilbúið að gefa af sér í leik og starfi.

**Hvenær byrja börn á leikskóla?**  
Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og mikilvægt skref á skólagöngunni sem

ber að hlúa að. Skiptar skoðanir eru á því hvenær börn eiga að byrja á leikskóla en Sveitarfélagið Hornafjörður hefur sett sér það markmið að börn komist inn í leikskóla við 12 mánaða aldur. Það er ekki vegna þess að við 12 mánaða aldur sé leikskólinn nauðsynlegur fyrir barnið (þá eru foreldrar og öryggið innan fjölskyldunnar sennilega mikilvægast) heldur lýkur þá fæðingarorlofi. Fyrir foreldra er pláss á leikskóla mikilvægur þáttur í að tryggja fjárhagslega afkomu og öryggi fjölskyldunnar því í flestum tilfellum þurfa báðir aðilar að vinna úti til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir rekstri heimilis. Til að ná því markmiði að öll börn komist að á leikskóla við 12 mánaða aldur stendur nú til að byggja við leikskólann Sjónarhól á Höfn og vonandi fer sú framkvæmd af stað í haust.

## Það vantar starfsfólk

Því miður verður það vandi alls samfélagsins ef ekki tekst að manna leikskólann og á sama hátt er líka verkefni alls samfélagsins að leikskólanum vegni vel. Við þurfum heilt þorp til að ala upp eitt barn. Þorp sem hlúir að börnunum okkar og foreldrum þeirra en líka þeim sem starfa með börnunum því fyrir foreldra skiptir það gríðarlega miklu máli að horfa á eftir barninu sínu skottast inn á deild til starfsfólks sem gerir allt sem í þeirra valdi stendur til að barnið dafni, þroskist og eigi góðan dag. Hjálpumst þess vegna að við að tala upp störf í leikskóla, við viljum nefnilega besta fólkið til að hugsa um börnin okkar.

**Sveitarfélagið leggur sitt lóð á vogarskálina**  
Að sjálfsgöðu ræður hver og einn því

hvar hann vill vinna og sumir vinnustaðir eru vinsælli en aðrir. Það fer eftir ýmsu svo sem vinnutíma og hlunnindum sem geta bæði verið í formi launakjara, sveigjanleika en einnig annarra þátta. Sveitarfélagið vill umfram allt leggja sitt lóð á vogarskálina til að gera leikskólann að eftirsóknarverðum vinnustað. Í haust stendur til að taka upp fulla styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum og auka þannig sveigjanleika hjá starfsfólki. Í því sambandi hefur foreldrum verið kynnt áform um svokallaða skráningardaga í leikskóla. Í haust heldur síðan áfram vinna við að efla leikskólann bæði á vegum sveitarfélagsins en einnig innan leikskólans.

## Vilt þú vinna í leikskóla eða veistu um einhvern sem vill vinna þar?

Núna bráðvantar okkur gott starfsfólk í leikskólann og eru allir sem áhuga hafa hvattir til að sækja um starf þar. Því hvað er betra, skemmtilegra og mikilvægara en að leggja upprennandi kynslóðum hjálparhönd á fyrstu skrefum sínum inn í lífinu. Njóta í leiðinni félagsskapar frábærra starfsfélaga og vera fyrirmynd fyrir mikilvægasta fólkið okkar.

Kíktu á auglýsingarnar frá okkur og athugaðu hvort þetta er ekki eitthvað fyrir þig.

<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/sveitarfelagid/laus-storf/matradur-a-leikskolann-sjonarhol>

<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/sveitarfelagid/laus-storf/matradur-a-leikskolann-sjonarhol>

Þórgunnur Torfadóttir  
Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar



## Þakkir

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, bróður, afa og langaafa.

Einars Jóhann Þórólfssonar.

Emily Rossiter

Vilborg Þórólfsdóttir

Rakel Þóra Einarsdóttir Sævar Guðmundsson

Eydís Dóra Einarsdóttir Halldór Bragi Gíslason

Þórólfur Örn Einarsson

Aðalheiður Dagmar Einarsdóttir Ágúst Ragnar Reynisson

Þórdís María R. Einarsdóttir Jack Tunstall

Kjartan Jóhann R. Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



## STAFAFELLSKIRKJA

Sumarmessa

Sunnudaginn 13. ágúst kl. 14:00

Eftir messu er kirkjugestum boðið að þiggja kaffiveitingar á Hrafnavöllum

Verið öll hjartanlega velkomin.



# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Hráskinku og pestó pasta eftir Ásgeir Gunnarsson og Eygló Illugadóttur*

Guðlaug Hestnes skoraði á okkur að senda inn uppskrift og tökum við því fagnandi. Eitt af því sem við eldum oft er pasta og finnst okkur gott í lok viku að skella í einn pastarétt. Einn sem hefur nýlega bæst við í uppskriftabankann hjá okkur er pasta með pestói og hráskinku og fylgir uppskrift hér með. Við skorum á Gunnar Örn og Ólöfu Ósk að koma með næstu uppskrift og við vitum að ekki er komið að tónum kofanum hjá þeim.



### Hráefni

Tagliatelle pasta  
Grænt pestó  
Hráskinka  
Furuhnetur  
Klettakál (ruccola)

### Aðferð

Pastað sett í pott og soðið og furuhnetur ristaðar á pönnu. Þegar pastað er tilbúið er pestóið hrært saman við og síðan bætt í hráskinkunni, furuhetunum og klettakálinu. Gott að hafa hvítlauksbrauð með réttinum. Verði ykkur að góðu.



## Bifreiðaskoðun á Höfn 21., 22. og 23. ágúst.

Tímamantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 18. ágúst.  
Næsta skoðun 18., 19. og 20. september.

*Þegar vel er skoðað*



## Skipulagslýsing vegna endurskoðunar deiliskipulags í Krossey á Höfn

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 27. júlí 2023 að auglýsa eftirfarandi skipulagslýsingu í *samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrirhugað er að gera breytingar á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Krossey á Höfn í Hornafirði. Breytingar ná m.a. til umferðarskipulags, lóðamarka, byggingarreita, almennra skilmála sem og sérskilmála fyrir einstaka lóðir. Þar sem fyrirhugaðar breytingar eru talsvert margar var sú ákvörðun tekin að taka deiliskipulagið til endurskoðunar í heild sinni. Meginmarkmið með endurskoðun deiliskipulagsins er að tryggja skilvirka nýtingu lands og markvissa uppbyggingu á hafnarsvæðinu.

Skipulagslýsingin verður aðgengileg í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og á nýjum vef Skipulagsstofnunar, [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is).  
**Frestur til að skila inn athugasemdum er til 29. ágúst 2023**

Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt gegnum skipulagsgátt. Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum gegnum netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is).  
*Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



## Umsóknir - Styrkir

*Ungmennasambandið Úlfjótur auglýsir eftir umsóknum í styrktar- og afrekssjóð USÚ.*

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi föstudaginn 8. september.



Upplýsingar um hvað á að koma fram í umsókninni og allar nánari upplýsingar eru á [www.usu.is](http://www.usu.is).



## MÁLFRÍÐUR MALAR

Loksins er Eystrahorn komið úr sumarfrí! Ég er nefnilega búin að bíða eftir því að koma skoðunum mínum og annarra þegna Sveitarfélagsins Hornafjarðar á framfæri. Það sem hefur legið á fólki þetta sumarið eru listaverk og gjörningar. Númer eitt: „Listaverkið” a.k.a. tjóðruð mislit fiskikör á túninu við Nettó. Það má segja að 99,7% bæjarbúa hafi ekki haft grænan grun að hér væri um „Listaverk” að ræða því þessir íbúar ályktuðu að hér væri á ferð einhver æfingapraut á vegum Humarhátíðarnefndar því karastæðan reis um svipað leyti og Humarhátíð gekk í garð. En nei, það kom í ljós á mbl.is að hér væri um að ræða listaverk þegar íbúar sveitarfélagsins voru sakaðir um stuld þess og samkvæmt fréttinni átti verknaðurinn hafa gerst í skjóli nætur. Þessar opinberu ásakanir í garð heimamanna kölluðu á ýmis viðbrögð en mörg okkar urðu

reið og sár á meðan aðrir gátu hlegið að vitleysunni. Við getum þó glaðst yfir því að Sveitarfélagið fékk auglýsingu og umfjöllun vegna fréttarinnar um horfna listaverkið og enginn slasaðist því það var tekið niður áður en það olli vandræðum. Númer tvö: „Gjörningur” á miðjum frísí - golfvelli í Hrossabithaga. Hvað er eiginlega í gangi þar? Þessi gjörningur er ALLS ekki fyndinn og er hann vonandi ekki á launaskrá hjá útsvarsgreiðendum. List á fullkomlega rétt á sér í allskonar formi og hugmyndin að minnast Ásgríms Jónssonar sem málaði hér fyrir rúmri öld síðan er aldeilis ágæt. En að planta tjaldi með misgóðri umgengni á miðjum útivistar/íþróttavelli er vanvirðing bæði við ferðamenn og heimamenn sem vilja nýta sér völlinn á góðviðrisdögum. Það mætti kannski kalla þetta skítlegt eðli listarinnar?

Málfríður

## ORÐALEIT



ÁGÚST

ÞJÓÐHÁTÍÐ

RIGNINGARSUDDI

SÓFAKARTAFLA

PRÓTEINSTYKKI

AFI

FÓLKSBÍLL

TAUPOKI

ÞVOTTAGRIND

BARBIE

RJÓMASPRAUTA

GLIMMERDUFT

## SPURNING VIKUNNAR

*Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerðir í sumar?*



**Konný Sóley Guðmundsdóttir**  
Að fara með yngsta syni mínum og fjölskyldu hans til Tenerife



**Rut Guðmundsdóttir**  
Ég á eftir að upplifa það 26. ágúst þegar ég held upp á afmælið mitt. Það verður toppurinn á tilverunni.



**Guðbjörn Jón Hilmarsson**  
Þegar ég fór til Dublin, þar tók ég vel á því.



**Kristbjörg Natalia Jakobsdóttir**  
Að njóta þess að vera með krökkunum eftir að ég kom heim úr skólanum og djamma.



YOU ARE INVITED TO

# IBERIAN FOOD FESTIVAL

AT HAFID BAR, HEPPUVEGUR 5

COME TRY DELICIOUS FOOD FROM PORTUGAL  
AND SPAIN, LISTEN TO SOME MUSIC AND  
DANCE UNTIL YOUR FEET HURT!

FRIDAY THE 18TH OF AUGUST,  
AT 18:00'O CLOCK

UNTIL THE FOOD IS ALL GONE!

**ONLY**  
100 TICKETS  
AVAILABLE

**TICKETS ARE 1000 ISK, ONLY CASH**

TICKET SALE HAS STARTED AND WILL BE OPEN  
UNTIL THE DAY OF THE EVENT AT HÖFN LIBRARY  
DURING ITS OPENING HOURS,  
MONDAY-FRIDAY FROM 10:00-16:00

**FOR MORE INFO:**

ANNAB@HORNAFJORDUR.IS OR EYRUNH@HORNAFJORDUR.IS



FJALLSÁRLÓN



Vélsmiðjan Foss ehf